



**STEFNA UM BIRTINGU UPPLÝSINGA**

**MARS 2025**

## 1. Markmið upplýsingastefnu

Hagar sinna upplýsingagjöf félagsins í samræmi við stefnu þessa um birtingu upplýsinga. Stefnan á að tryggja jafnan aðgang hagsmunaaðila að réttum, tímanlegum og áreiðanlegum upplýsingum um starfsemi félagsins á hverjum tíma, í samræmi við lög og reglur sem félaginu ber að fylgja sem útgefandi fjármálagerninga.

## 2. Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar sem stefna þessi tekur til, auk starfsmanna, eru hluthafar, fjárfestar, Nasdaq Iceland, greiningar- og matsfyrirtæki og fjölmiðlar.

## 3. Upplýsingamiðlun

Fréttatilkynningum Haga, sem falla undir upplýsingaskyldu þess, dreifir félagið í gegnum fréttaveitu Notified og birtast fréttirnar samtímis opinberlega almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu og á fjárfestasiðu Haga, <https://www.hagar.is/fjarfestar/>. Verðmótandi upplýsingar eru birtar eftir lokun markaða, að því marki sem hægt er.

## 4. Upplýsingaskylda

Högum ber að birta opinberlega upplýsingar eins og mælt er fyrir um í lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerð MAR, auk þess sem reglur Nasdaq Iceland mæla fyrir um hvað félaginu ber að birta opinberlega. Þá hefur stjórn félagsins ákvarðað fyrirfram skilgreind viðmið sem höfð eru að leiðarljósi þegar metið er hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga. Viðmið þessi eru sett fram sem hlutfall af heildarstarfsemi félagsins.

### 4.1. Fréttatilkynningar

Fréttatilkynningar er varða uppgjör félagsins, starfsemi þess eða annað sem félaginu ber að upplýsa um skv. lögum og reglum, eða þau mál sem talið er að hafi umtalsverð áhrif á rekstur, stefnu og þróun félagsins, eru birtar eins fljótt og auðið er.

### 4.2. Uppgjörskynningar

Í kjölfar árshlutauppgjöra félagsins, fjórum sinni á ári, mun forstjóri ásamt framkvæmdastjóra fjármálasviðs Haga halda kynningarfund fyrir hagsmunaaðila. Á kynningarfundum er farið yfir nýliðið uppgjör, stöðu félagsins og framtíðarhorfur. Þá er eftir atvikum farið yfir afkomuspá félagsins. Kynningarefni er birt opinberlega og á fjárfestasiðu félagsins fyrir upphaf funda. Kynningarfundum er varpað í beinni útsendingu í gegnum netið og er upptaka af fundunum ávallt aðgengileg að þeim loknum á fjárfestasiðu félagsins. Félagið áskilur sér eftir atvikum rétt til að halda einungis rafræna kynningarfundum.

### 4.3. Þagnartímabil

Félagið hefur það að meginstefnu sinni að tjá sig ekki um málefni er varða rekstur, afkomu eða efnahag félagsins frá lokum ársfjórðungs fram að birtingu uppgjörs. Þá hefur félagið sett viðskiptum stjórnenda strangari reglur en lög kveða á um og eru þau ekki heimil á sama tímabili og hér um ræðir, þ.e. frá lokum ársfjórðungs fram að birtingu uppgjörs hverju sinni.

### 5. Samskipti við hagsmunaaðila

Markmið Haga er að eiga góð samskipti við alla hagsmunaaðila, í þeim tilgangi að upplýsa þá um starfsemi félagsins. Fyrirspurnum hagsmunaaðila verður svarað að því marki sem félaginu er heimilt, þannig að tekið sé mið af jafnræði hluthafa og fjárfesta á markaði.

Þá er það meginregla Haga að tjá sig ekki um orðróm eða getgátur á markaði, sem og um gengi hlutabréfa félagsins.

Forstjóri Haga er talsmaður félagsins í umboði stjórnar. Forstjóri getur veitt öðrum starfsmönnum félagsins tímabundna heimild til að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar.

Forstjóri Haga er Finnur Oddsson, netfang: [fo@hagar.is](mailto:fo@hagar.is), s. 530-5500.

Beina má fyrirspurnum til stjórnar félagsins á netfangið [stjorn@hagar.is](mailto:stjorn@hagar.is).

### 6. Framkvæmd og gildissvið

Framkvæmd stefnu þessarar er á ábyrgð forstjóra félagsins. Stefnan tekur þegar gildi en hana skal stjórn félagsins endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.

Þannig samþykkt 21. mars 2025

Stjórn Haga hf.